



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Sveins Björnssonar  
1. janúar 1945

Íslendingar.

Þótt hver dagurinn sé öðrum líkur nú í skammdeginu, hefir friðarhátíð jólanna að venju varpað birtu sinni í hug og hjarta okkar allra. Og fyrsta dag ársins veljum við til þess að horfa um öxl til liðna ársins og beina huganum fram á við, fyrst og fremst til ársins, sem nú er að byrja. Flestum okkar er það hugarhressing að vita það, að nú eru liðnir hjá dimmstu dagar vetrarins. Að úr þessu birtir með hverjum deginum, sem líður.

Það er eitt af óhagganlegum lögmálum lífsins, að ljós og skuggi skiptast á, hið ytra sem hið innra. Ef við lítum til ársins sem leið, verða fyrir okkur bjartir dagar, óvenjulega bjartir. En einnig dimmir dagar, sumir óvenjulega dimmir. Hver einn okkar hefir átt sína björtu daga og sína dimmu daga. En við höfum öll, Íslendingar, einnig átt sameiginlega slíka daga.

„Goðafossdagurinn“, 10. nóvember var einn af sameiginlegum dimmum dögum íslensku þjóðarinnar. Þann dag, og nokkra daga aðra, hafa mér komið í hug tvær óbrotnar ljóðlínur eftir norska skáldið og hetjuna Nordahl Grieg, sem margir Íslendingar eiga ljúfar endurminningar um. Þær eru í kvæðinu „17. maí“, sem var innblásið og kveðið á myrkum dögum norsku þjóðarinnar.

„Vi er saa faa her i landet  
hver falden er bror og ven.“

Á íslensku: „Svo fámenn er þjóð vor, að hver sá sem fellur er bróðir og vinur.“ Skáldið á við sína eigin þjóð, Norðmenn, sem þó er margfalt fjölmennari en við Íslendingar. Hversu miklu fremur getur þetta átt við okkar fámennu þjóð. Öll slík manntjón hljóta því að snerta viðkvæma strengi í brjóstum okkar allra. Við minnumst með lotningu þeirra systkina og vina sem fallið hafa á árinu.

En við látum ekki þar við sitja. Við hljótum að beina huganum fram á við. Og þá leitum við uppi björtu dagana og reynum að finna styrk og hvatningu í birtunni, sem frá þeim stafar.

Og árið, sem leið, hefir fært okkur marga bjarta daga. Þjóðaratkvæðagreiðslan í maí, lýðveldisstofnunin í júní, óvenjulega sólríkt og gott sumar. - Þessir björtu dagar ættu að verða okkur meira en stundarnautn. Þeir ættu að verða okkur aflgjafi á þessu ári, og lengra fram í tímann.

Þjóðaratkvæðagreiðslan í maí færði okkur heim sanninn um að enn getur íslenska þjóðin staðið svo að segja sem einn maður, ef mikið liggur við. Það hlýtur að

auka á traustið á sjálfum okkur, um leið og það eykur okkur virðingu út á við, meðal annarra þjóða.

17. júní á Þingvöllum verður sá dagurinn sem hæst gnæfir í endurminningunni. En því má ekki gleyma að án þess að þjóðin hefði áður sýnt einhuga sinn við atkvæðagreiðsluna í maí, á svo eftirminnilegan hátt, hefði ekki orðið svo bjart yfir þessum degi, sem varð.

Á þessum óvenjubjarta degi féll tjaldið fyrir fortíðinni, og var dregið upp aftur fyrir nýjum þætti í sögu íslensku þjóðarinnar. Efni þess þáttar var að vísu óskrifað þá. En um það efni þóttumst við vita og þykjumst enn vita sumt, sem ekki er fram komið. Við vitum, að það verður áframhaldandi sjálfstæðisbarátta. Við vitum að okkur er öllum ætlað hlutverk í þeirri baráttu, öllum án undantekningar. Við ættum einnig að gera okkur sem ljósast hve mikið veltur á því um framtíð íslensku þjóðarinnar, að allir, hver og einn, láti sér annt um að leysa sitt hlutverk sem best af hendi, þótt við verðum að leggja mikið að okkur.

Síðastliðið sumar fór ég víða um land, þótt mér tækist ekki að komast eins víða og ég óskaði. Mér fannst ég verða var við hugarfar því líkt, sem ég hefi dregið á, hvar sem ég kom. - Mér var hvarvetna tekið með hlýju og ástúð. Ég nota þetta kærkomna tækifæri til þess að færa öllum þeim, sem þar áttu hlut að máli, innilegar þakkir mínar.

Ég fékk einnig tækifæri til þess að finna sama hlýhuginn hjá Vestur-Íslendingum og öðrum Íslendingum vestan hafs. - Það verður mér ógleymanlegt hvern hug Vestur-Íslendingar bera til lands og þjóðar; hvernig þeir fylgjast með málum okkar, hvernig þeir hafa áhuga fyrir þeim málum og hvern hlýhug þeir bera til okkar systkinanna austan hafs. „Yngsta lýðveldi heimsins“, hefir Ísland verið kallað í ræðu og riti síðan 17. júní, hér á landi og í öðrum löndum.

Margur unglíngur mun hafa orðið fyrir spurningu sem þessari: „Hvað ætlarðu þér að verða?“ Það er misjafnt, hvernig unga fólk er við því búíð að svara slíkri spurningu. En margir munu geta svarað að þeir hafi einsett sér að láta ekki sitt eftir liggja til þess að verða nýtir og góðir borgarar í þjóðfélaginu og láta gott af sér leiða fyrir aðra, hvern sess, sem þeim sé ætlað að skipa.

Ég vil óska þess að segja mætti um íslensku þjóðina, nú á morgni hins nýja þjóðskipulags, að hún hafi slíkan ásetning. Og, að hún vilji setja merkið svo hátt, að von sé um að Ísland megi í framtíðinni skipa virðulegan sess meðal þjóðanna.

Síðustu árin hafa fært okkur heim sanninn um, að sá tími er liðinn er við vorum „Einbúi í Atlantshafinu.“ Hér eftir hljótum við að taka virkan þátt í samstarfi með öðrum þjóðum, virkari en nokkru sinni áður, með þeim þjóðum, sem við helst óskum að starfa með.

En, verður okkar þáttur í því starfi ekki alltaf lítills metinn, svo fámennir og smáir sem við erum? Svo kunna ýmsir að spyrja, bæði utan lands og innan.

Við skulum festa hugann augnablik við nokkrar athyglisverðar staðreyndir í þessu sambandi.

Fyrir rúmum 1000 árum komu Íslendingar á hjá sér réttarþjóðskipulagi, sem var nær þjóðskipulagi lýðfrjálsra þjóða seinni alda en þá þekktist hjá margfalt stærri og fjölmennari þjóðum. Atkvæði í elstu lögbók okkar um gagnkvæmar tryggingar og samábyrgð þegnanna hafa vakið athygli margra á seinni tímum. Á blómatíma þjóðveldisins voru skráð hér á landi rit á okkar eigin tungu, sem eru sígild enn í dag og fremri bókmenntum margra fjölmennari þjóða. Íslendingar voru þá miklir landkönnuðir og manna djarfastir í glímunni við Ægi. Fræðsluhneigðin, bókmenntaáhuginn og sóknirfskan á hafinu hefir aldrei horfið meðal Íslendinga,

hversu mikið sem á móti hefir blásið á erfiðum tímum fyrir land og þjóð. Og heldur ekki þolið og þrautsegjan við að glíma við náttúruöflin á landi.

Við erum í hópi Norðurlandþjóðanna. Hinar Norðurlandþjóðirnar eru allar smáþjóðir að höfðatölu, samanborið við margar aðrar þjóðir. Þó eru þessar þjóðir ekki taldar eftirbátar annarra þjóða á ýmsum menningarsviðum. Ég þekki ekki neinn hóp annarra þjóða, sem segja megum um með sanni að þær muni aldrei bera vopn hver á aðra, heldur ávallt jafna það, sem á milli ber, með friðsamlegum hætti. Þessa höfum við Íslendingar notið og munum njóta með hinum frændþjóðunum.

Merkur breskur stjórnmalamaður sagði einu sinni við mig, að jafnan mætti treysta því að Norðurlöndin héldu gerða samninga. Vísindin, listir, félagsmálamenning og ýmis tæknimening, þetta eru allt svið sem þessi smáríki þola fullkominn samanburð við stærri ríkin. Þau eru þeim í sumum efnum fremri. Og svo mætti lengi telja.

Meðal annars vegna þessara staðreynda um fyrri sögu okkar eigin þjóðar og annarra smáþjóða af sama kynstofni virðist mér það ekki öfgakennd hugsun, að við getum, ef við stöndum vel saman og leggjum okkur alla fram, skapað menningu með þjóð okkar, sem geti orðið einnig öðrum til einhvers góðs, og máské á einhverjum sviðum til fyrirmyndar. Fámenni okkar og fábreytni ætti að auðvelda betri yfirsýn og gera hægara að koma við þeim átökum, sem við eiga, en hjá stærri þjóðunum, þar sem hjólin í þjóðfélagsvélinni eru orðin svo mörg og margbrotin, að bæði öll yfirsýn og úrgreiðsla vandamála hlýtur að verða mun erfiðari og flóknari. Mér er kunnugt um að þetta er hugmynd, sem ekki er talin fjarstæða af sumum merkustu mönnum meðal stærri þjóða.

Með stoð í fortíðinni og í þeim staðreyndum, sem ég hefi nefnt, finnst mér full ástæða fyrir okkur að setja markið hátt í áframhaldi sjálfstæðisbaráttunnar.

En orðin ein um að ætla sér eitthvað hrökkva skammt. Okkur er ekki heimilt að ætlast til þess að okkur miði nokkuð verulega í áttina að marki því, sem við setjum okkur, nema með því að leggja mikið að okkur. Margir menntamenn, fræðimenn, bændur, sjómenn og annað vinnandi fólk á Íslandi gætu sagt sögu af því, að þeir hafi lagt hart að sér, beitt allri orku sinni og neitað sér um margt til þess að ná drengilegu marki, sem þeir hafa ungu sett sér. Þar með hafa þeir orðið hæfir og nýtir borgarar í þjóðfélaginu, leitt gott af sér fyrir aðra og orðið landi sínu og þjóð til sæmdar. Flestir munu viðurkenna, að eina haldgóða leiðin til þroska er að taka erfið viðfangsefni fangbrögðum, þótt leggja verði að sér allt sem kraftar og hæfileikar orka.

En því verður ekki neitað, að þrátt fyrir óvenjumiklar framfarir á síðustu áratugum, stöndum við enn að baki öðrum þjóðum í ýmsum greinum. Ég nefni sem dæmi hagnýta þekkingu, fjármálahæfni og félagsþroska. Úr þessu verður ekki bætt nema með því að leggja aukna áherslu á bætt þekkingu á þessum sviðum. Sú þekking fæst að vísu ekki á skömmum tíma, en það má ekki draga úr áhuga okkar.

Margar þjóðir hafa undanfarið orðið að leggja hart að sér og þola miklar raunir og hörmungar til þess að varðveita fjör sitt og frelsi. Við eigum eftir að leggja talsvert mikið að okkur, til þess að láta það sannast, sem við öllum trúum, að hér í landi megum lifa góðu menningarlífi, sambærilegu við önnur lönd, ef þjóðin sem byggir landið nýtur frelsisins og finnur til þeirrar ábyrgðar, sem öllu frelsi fylgir.

Þessari trú verðum við að halda við og reyna að efla hana og auka.

Merkur maður erlendis hefir sagt eitthvað á þessa leið:

„Það nægir ekki að elska land sitt og þjóð. Sönn ættjarðarást krefst þess að menn einnig trúu á land sitt og þjóð.“

Hvað sem framundan er, vona ég að við missum aldrei þessa trú.

Með þeirri ósk, að svo megi verða, óska ég ykkur öllum, sem heyrið mál mitt, gleðilegs nýárs.